

Efnisyfirlit

MYNDA- OG TÖFLUSKRÁ.....	2
1. INNGANGUR	3
2. FRÆÐILEG UMFJÖLLUN.....	4
2.1 FJÖLMIÐLAR	4
2.2 ÍÞRÓTTIR Í SAMFÉLAGINU.....	5
2.3 SAMSPIL FJÖLMIÐLA OG ÍÞRÓTTA.....	7
2.4 FYRRI RANNSÓKNIR	9
3. AÐFERÐAÐFRÆÐI.....	12
3.1 RANNSÓKNARSPURNING OG TILGÁTUR	12
3.2 RANNSÓKNARAÐFERÐ	12
3.3 ÚRTAK	13
3.4 FRAMKVÆMD.....	13
3.5 ÚRVINNSLA GAGNA	14
3.6. FJÖLDI IÐKENDA	15
4. RANNSÓKNARNIÐURSTÖÐUR	16
4.1 HEILDARÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN DAGBLAÐANNA – MUNUR MILLI ÍÞRÓTTAGREINA.....	16
4.2 ÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN OG FJÖLDI IÐKENDA	22
4.3. INNLEND OG ERLEND ÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN.....	27
4.4 KYNJAMUNUR Í ÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN	30
5. UMRÆÐUR.....	33
5.1 HEILDARÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN DAGBLAÐANNA – MUNUR MILLI ÍÞRÓTTAGREINA.....	33
5.1 ÁHERSLUR DAGBLAÐANNA.....	35
5.2 MAGN ÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUNAR Í DAGBLÖÐUM OG FJÖLDI IÐKENDA ÍÞRÓTTAGREINANNA	36
5.3 INNLEND OG ERLEND ÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN Í DAGBLÖÐUM	38
5.4 KYNJAMUNUR Í ÍÞRÓTTAFRÉTTAUMFJÖLLUN DAGBLAÐANNA	39
5.5 HUGLEIÐINGAR UM MARKTÆKNI RANNSÓKNANNA.....	39
6. LOKAORÐ.....	41
7. HEIMILDASKRÁ	43

Mynda- og töfluskrá

Mynd 1	Samanburður á heildarmagni íþróttafréttanna hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu	16
Mynd 2	Samanburður á íþróttafréttum milli íþróttagreina	18
Mynd 3	Samanburður á íþróttafréttum milli íþróttagreina	19
Mynd 4	Samanburður á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins á íþróttagreinunum	21
Mynd 5	Stærð íþróttagreina innan ÍSÍ, eftir fjölda iðkenda	23
Mynd 6	Stærð íþróttagreina, eftir fjölda iðkenda, borin saman við magn umfjöllunar þeirra í dagblöðunum	25
Mynd 7	Misvægi milli magns umfjöllunar íþróttagreina og fjölda iðkenda	26
Mynd 8	Hlutfall innlendar og erlendar íþróttafréttumfjöllunar	28
Mynd 9	Samanburður á innlendri og erlendri íþróttafréttumfjöllun íþróttagreina	28
Mynd 10	Samanburður á hlutföllum kynjanna í íþróttafréttumfjöllun dagblaðanna	31
Mynd 11	Samanburður á íþróttafréttumfjöllun milli kynja og íþróttagreina	32
Tafla 1	Heildaríþróttafréttumfjöllun í dagblöðunum	17
Tafla 2	Samanburður á íþróttafréttumfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins á íþróttagreinunum	20
Tafla 3	Fjöldi skráðra iðkenda íþróttasambanda innan ÍSÍ	22
Tafla 4	Stærð íþróttagreina, eftir fjölda iðkenda, magn umfjöllunar íþróttagreina í dagblöðum og misvægi milli umfjöllunar og fjölda iðkenda	24
Tafla 5	Magn innlendar og erlendar íþróttafréttumfjöllunar í dagblöðum	27
Tafla 6	Kynjamunur í íþróttafréttumfjöllun dagblaðanna	30

1. Inngangur

Fjölmiðlar spila stórt hlutverk í heimi íþróttar og hafa mikil áhrif á mótun og vinsældir þeirra. Við lestur íþróttافرétta í dagblöðum fer það varla fram hjá neinum að mikill munur er á umfjöllun milli íþróttagreina. Umfjöllun dagblaðanna er ritstýrð og uppbyggð samkvæmt skoðunum þeirra sem skrifa fréttirnar og fara yfir þær. Innihald umfjöllunarinnar hlýtur því að mótast að hluta til af þeirra áhuga ásamt markmiðum fjölmiðlanna um að skapa sem mestan gróða. Vinsældir íþróttagreina hafa vissulega mikil áhrif á umfjöllun þeirra í fjölmiðlum en fjölmiðlarnir hjálpa líka mikið til við að skapa íþróttagreininum vinsældir. Tengslin á milli þeirra eru mjög sterk og þau reiða sig mikið á hvort annað, íþróttirnar selja fjölmiðlana og fjölmiðlarnir selja íþróttirnar.

Fólk sem iðkar og starfar við íþróttir vill væntanlega sjá umfjöllun um sína íþrótt í fjölmiðlunum og þeim mun fleiri sem stunda einstaka íþróttagreinar því meiri verður eftirspurnin um umfjöllun. Misvægið milli fjölda iðkenda og magns umfjöllunar er mikið, sumar íþróttagreinar fá gífurlegt magn umfjöllunar miðað við fjölda iðkenda en aðrar íþróttagreinar fá lítið magn umfjöllunar miðað við fjölda iðkenda.

Íþróttافرéttaumfjöllun í fjölmiðlum hefur verið mikið gagnrýnd og mest hefur verið fjallað um kynjamun og staðalímyndir íþróttanna í fjölmiðlum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessum málefnum skoða ýmist íþróttافرétir í sjónvarpi, dagblöðum eða báðum miðlunum saman. Lítið sem ekkert hefur verið fjallað um mun á umfjöllun milli íþróttagreina það er því tími til kominn að skoða þetta betur og velta því fyrir sér hve mikill munur er á umfjöllun milli íþróttagreina og hverjar hugsanlegar ástæður fyrir því eru.

Að lokum vil ég þakka Guðmundi Sæmundssyni, aðjúnkt við KHÍ fyrir góða leiðsögn og yfirlestur ritgerðarinnar.

Reykjavík 30. apríl 2007

2. Fræðileg umfjöllun

2.1 Fjölmiðlar

Dagblöð, sjónvarp, útvarp og internetið eru fjölmiðlar sem eru mikilvægir fyrir samfélagið sem við búum í. Þeir veita okkur þær upplýsingar og afþreyingu sem við þurfum á að halda og senda frá sér skilaboð sem hafa áhrif á skoðanir okkar á málefnum líðandi stundar. Hvað fréttir varðar þá er það hlutverk fjölmiðlanna að koma upplýsingum til almennings á eins skjóttan hátt og hægt er. Mikil þróun hefur verið á fjölmiðlum síðustu áratugi og byltingarkenndar breytingar áttu sér stað þegar tölvur og internet komu inn á heimili almennings. Hraðinn varð svo mikill að aðrir fjölmiðlar áttu undir högg að sækja því internetið gat birt fréttirnar nær samstundis (Coakley 2003: 406). Fréttir dagblaða eru því stundum eins konar upprifjun á atburðum sem fjallað var um á internetinu mörgum klukkustundum fyrir eða jafnvel daginn áður. Hins vegar er fréttaumfjöllun fjölmiðlanna það ólík að næg ástæða er fyrir alla fjölmiðlana að fjalla um það sama. Fréttir á internetinu eru birtar um leið og úrslit liggja fyrir og ekki gefst tími til að lýsa atburðarrásinni, aðeins úrslit og tölulegar staðreyndir koma fram. Umfjöllun dagblaðanna felst meira í því að lýsa atburðarrás og velta fyrir sér ýmsum staðreyndum með myndum sem dýpka frásögnina, úrslit og tölulegar staðreyndir vega minna. Fréttaumfjöllun sjónvarpsins er stutt og hröð vegna þess hve knappan tíma hún hlýtur af fréttatímanum og þar koma fram úrslit og staðreyndir með myndbrotum til áherslu (Ásgeir Friðgeirsson, 1990).

Það er ekki aðeins gerð fjölmiðlanna sem hefur áhrif á fréttaumfjöllun þeirra heldur hafa eigendur líka mikil áhrif. Fjölmiðlar sem eru í eigu ríkisins hafa þjónustugildin í hávegum. Reynt er að þjóna almenningi eins vel og hægt er og mikilvægt er að fréttaumfjöllunin henti öllum. Með tímanum hefur þróunin hins vegar orðið til þess að fjölmiðlar verða einkavæddir og ríkið hefur minna fram að bjóða á fjölmiðlamarkaðnum. Einkavæddir fjölmiðlar eru hins vegar ekki með sömu gildi í hávegum. Aðalmarkmið þeirra er arðsemi og þeir stýra sjálfir því sem birt verður í fjölmiðlunum. Þeir fjalla mest um það sem er vinsælast og líklegast til þess að selja best. Arðsemin er þó ekki eina markmiðið en er þó það stærsta (Coakley 2003: 407).

2.2 Íþróttir í samfélaginu

Umræða um íþróttir á samfélagsfræðilegum grunni fjalla yfirleitt um yfirlýsingar eins og: „Íþróttir eru myndlíking af samfélaginu”. Það segir okkur að íþróttir eru sendiboðar gilda í samfélaginu, vettvangur félagsmótunar einstaklinga og endurvarp félagslegra vandamála í stærra samfélagi (Valgeirsson og Snyder 1986: 131).

Þegar skoða á íþróttir sem hluta af samfélaginu er félagsfræði mjög gagnleg. Félagfræði er athugun á félagslífi, öllum félagslegum samskiptum og samböndum fólks. Fólk sem leggur stund á félagsfræði íþróttar er hugað um gildi íþróttar fyrir samfélagið. Rannsóknir eru mikið notaðar til þess að þróa skilning á: þeirri menningu og samfélagi sem íþróttirnar starfa í, félagslegu umgjörðinni sem myndast í kringum íþróttir og upplifun einstaklinga og hópa tengdum íþróttum. Hugtökin, kenningarnar og rannsóknaraðferðirnar eru þróaðar af félagsfræðingum og þær gera okkur kleift að skoða og skilja íþróttirnar eins og þær birtast í okkar hversdagslega lífi. Rannsóknir á íþróttum eru mismunandi og þeir sem rannsaka þær fylgja mismunandi kenningum.

Nýtistefnukenningar (Functionalist Theory): Þeir sem fylgja nýtistefnunni nota kerfislíkön til þess að skilja hvernig samfélagið virkar. Með öðrum orðum þá gera þeir ráð fyrir að samfélaginu sé haldið saman af sameiginlegum gildum, þeir sjá íþróttir sem hluta af félagslegu lífi sem stuðlar að stöðugleika í samfélaginu (Coakley 2003:39).

Átakakenningar (Conflict Theory): Þeir sem fylgja átakakenningum ganga út frá því að mikilvægi íþróttar í samfélaginu sé í raun komið af áhuga efnaðs fólks í samfélaginu. Þ.e.a.s. efnað fólk í samfélaginu hefur komið íþróttunum á framfæri og gert þær að því sem þær eru í samfélaginu í dag. Þeir vilja meina að íþróttir og þá sérstaklega þær sem draga að sér áhorfendur séu skipulagðar og fjármagnaðar af þeim sem eru efnaðir og hafa völd í samfélaginu, með þeim tilgangi að staðfesta mikilvægi auðvalda í samfélaginu. Þeir sem aðhyllast átakakenningar sjá því íþróttir sem deyfilyf á samfélagið. Eins og þessar afþreyingar og uppákomur deyfi meðvitund samfélagsins á efnahagslegri útbreiðslu á meðan staða og forréttindi þeirra auðugu eru varðveitt.

Nýtistefnan og átakakenningar eiga það sameiginlegt að grundvöllurinn fyrir félagslífi sé byggður á félagslegum þörfum en átakakenningar leggja þó áherslu á þörfina fyrir efnahag frekar en félagsleg kerfi eins og nýtistefnan (Coakley 2003:41).

Samskiptakenningar (interactionist theory): Þeir sem fylgja samskiptakenningum einbeita sér að atriðum tengdum merkingu, einkennum, félagslegum samböndum og menningarkimum íþróttanna. Þeir byggja kenningar sínar á hugmyndinni um að hegðun mannsins hafi í för með sér ákvarðanir og að þær ákvarðanirnar séu byggðar á raunverulegum skilgreiningum sem fólk mótar í samskiptum sínum við aðra. Samskiptakenningar vekja oft umræður og rannsóknir út frá reynslu íþróttamannanna og því hvernig þeir skilja og skilgreina þátttöku sína í íþróttum (Coakley 2003:43).

Gagnrýnikenningar (Critical theories): Flestir þeirra sem leggja stund á Félagfræði íþróttanna nota gagnrýnikenningar. Þó gagnrýnikenningar birtist í ýmsum myndum einblína þær helst á skýringu á menningu, valdi og félagslegum tengslum. Þær samanstanda af ýmsum nálgunum sem eru hannaðar til þess að skilja hvaðan valdið kemur, hvernig það virkar í félagslífinu og hvernig það breytist þegar fólk fæst við ýmis málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og tengsl við hvert annað. Þeir segja að íþróttir séu félagslegar athafnir þar sem samfélag og menning séu mótuð og endurnýjuð og að það geri íþróttir miklu mikilvægari fyrir samfélagið heldur en nýtni- og átakakenninga vilja meina. (Coakley 2003: 45-46).

Feminismakenningar (Feminist theories): Feminismakenningar byggja á þeirri forsendu að ef við viljum skilja atferli fólks og félagslíf, verðum við að virða skoðanir fólks á kynjunum og á þeim háttum sem þær merkingar falla undir í félagslegri upplifun á samfélaginu. Feminismakenningar eru grundvallaðar á þeirri vitneskju að konur séu markvisst undirokaðar í mörgum samfélögum og það sé þörf fyrir það að koma af stað aðgerðum til þess að vinna bót á þessu. Gagnrýnar feminismakenningar eru mikið notaðar í félagsfræði íþróttanna. Nálganir þeirra á félagsfræði íþróttanna eru byggðar á þeirri ályktun að íþróttir séu kynjabundin starfsemi. Með öðrum orðum þá vilja þeir meina að túlkun, samtök og tilgangur íþróttanna séu bundin við gildi og upplifun karla og að þær séu skilgreindar til þess að gera út á eiginleika og færni sem tengist ríkjandi mynd karlmennsku í samfélaginu (Coakley 2003:51-52).

Mótunarkenningar (Figurational theories): Mótunarkenningar í félagsfræði íþróttanna hafa mest verið stundaðar í Evrópu og þá aðallega á Englandi. Fæstir þeirra sem stunda félagsfræði íþróttanna í Bandaríkjunum kannast við þær. Þrátt fyrir það þá hafa þessar

kenningar verið notaðar í mörg ár við rannsóknarvinnu í félagsfræði íþróttar. Mótunarkenningar byggja aðallega á því að félagslífið samanstandi af tengslaneti fólks sem hefur samskipti hvort við annað. Það er einblínt á ferlið sem þessi tengslanet eða samgangur breytist yfir ákveðinn tíma (Coakley 2003: 53-54).

Allar eru þessar kenningar gagnlegar þegar rannsaka á málefni innan íþróttar. Munurinn á þeim byggist á tveimur spurningum: hvað vilt þú rannsaka, og hvernig vilt þú nálgast það? Jafnvel er hægt að blanda þeim saman og fá þá víðara sjónarhorn á það sem verið er að skoða. Sem dæmi má nefna að ef rannsaka á áhrif íþróttar og íþróttabátttöku á líf fólks væri hægt að byggja rannsóknina á samsetningu gagnrýniskenninga, gagnrýnna feminismakenninga og samskiptakenninga. Rannsóknir sem byggðar eru á þessum kenningum hjálpa okkur að skilja hvað gerist í íþróttum og hvernig íþróttirnar eru tengdar stærri félagslegum málefnum í samfélaginu (Coakley 2003:112-113).

2.3 Samspil fjölmiðla og íþróttar

Þó íþróttir séu afþreying og skemmtun fyrir flesta þá eru þær orðinn viðurkenndur atvinnuvegur þar sem milljónir manna borga himinháar fjárhæðir fyrir að fylgjast með atvinnumönnum í hinum ýmsu íþróttagreinum. Íþróttamenn eru orðnir að hátekjumönnum, fyrirmyndum og jafnvel hetjum sem fjölmiðlarnir eltast við. Íþróttahéimurinn sjálfur er orðinn gífurlega stór og í Bandaríkjunum þá er íþróttaiðnaðurinn orðinn tvisvar sinnum stærri en bílaiðnaðurinn og sjö sinnum stærri en kvikmyndaiðnaðurinn (Jørgensen 2005:1). Það er því ekki skrítið að umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum sé mikil.

Íþróttir og fjölmiðlar eru öfl sem eru virkilega háð hvort öðru. Alltaf er eitthvað að gerast í íþróttum og má því segja að þær séu óþrjótandi uppspretta umfjöllunar- og afþreyingarefnis sem fjölmiðlarnir sækja í. Þegar íþróttaviðburði er lokið leitast fólk við að ræða úrslitin, tölfræði leiksins, met, mikilvæga leikmenn, næstu leiki eða hvað sem við kemur viðburðinum. Fjölmiðlar eru nauðsynlegir fyrir umræður sem þessar, sem og fyrir vinsældir íþróttagreinanna, tekjur og styrktaraðila. Umfjöllun um íþróttir myndar áhuga meðal almennings á íþróttagreininni og skapar því tekjur innan hennar. Úrslit viðburðanna verða að fréttum og umfjöllunin verður að afþreyingu og skemmtun fyrir

aðdáendur hvort sem þeir mættu á viðburðinn eða ekki (Coakley 2003:413).

Íþróttirnar þurfa nauðsynlega á þessari umfjöllun að halda og þess vegna eru stjórnendur íþróttanna oftast búnir að undirbúa komu fjölmiðlanna. Sumstaðar eru sérstakar stúkur fyrir fjölmiðlamenn og þeir fá svo aðgang að frekari upplýsingum um liðin eða íþróttamennina. Það kostar peninga að veita þessa þjónustu en hún tryggir líka umfjöllun og hefur áhrif á magn og gæði umfjöllunarinnar (Coakley 2003:413).

Íþróttir öðlast fjárhagslegan ávinning af umfjöllun og kynningu fjölmiðlanna og fjölmiðlarnir njóta góðs af því hversu vinsælt lesefni íþróttirnar eru. Fjölmiðlarnir hafa þó valdið, því þeir leggja mesta áherslu á það sem selur mest. Þeir fanga athygli lesandans og hafa stjórn á því hvaða upplýsingar lesandinn fær. Atriði sem lesandinn sér, heyrir og les í fjölmiðlum hjálpa til við að móta hans eigin skoðanir á íþróttunum. Þó fjölmiðlarnir segi lesandanum ekki hvað á að hugsa þá hafa þeir vissulega áhrif á það sem hann hugsar (Coakley 2003: 406). Því meiri sem umfjöllunin er um ákveðna íþróttagreina þá verða lesendur meira meðvitaðir um hana og það sem henni fylgir. Ef upplifun lesandans af þeirri umfjöllun er jákvæð þá eru meiri líkur á því að hann fylgist með henni eða stundi hana. Sem dæmi má taka körfuknattleiksumfjöllun á Íslandi þegar Michael Jordan var upp á sitt besta, fyrir utan íþróttافرéttr var NBA-leikur sýndur í sjónvarpinu á hverjum sunnudegi og sjónvarpsþátturinn NBA-tilþrif var sýndur á laugardögum. Íslensk börn og ungmenni skiptust á NBA-myndum og flyktust á körfuknattleiksæfingar. Árið 1991 gerði Félagsvísindastofnun rannsókn á íþróttæfni fjölmiðla og þar var körfuknattleikur með næstmestu umfjöllun íþróttagreina í ljósvakamiðlum á Íslandi með 12,73%.

Hvað íþróttافرéttr varðar þá ráða stjórnendur fjölmiðla ekki aðeins um hvaða íþróttagreinar er fjallað í fjölmiðlum, heldur einnig hvernig fjallað er um þær og hvaða skilaboð eru send lesendum. Fjölmiðlar skapa ímyndir fyrir íþróttamennina og íþróttina sjálfa og spila stórt hlutverk í mótun umgjörðar íþróttarinnar sem er lesendum sýnileg (Coakley 2003: 407). Eins og áður sagði hafa fjölmiðlarnir mikið vald því þeir ráða um hvað er fjallað og hvernig fjallað er um það. Umfjöllunin mótast því af stórum hluta af áhugasviði íþróttافرéttramannsins og það gæti verið ein af orsökum á mismun í umfjöllun milli íþróttagreina. Íþróttافرéttamennirnir skrifa mest um það sem er vinsælast og það sem þeir hafa áhuga á. Þeir skrifa minna um þær greinar sem þeir hafa ekki áhuga á og einnig skortir þá oft þekkingu á greininni og umfjöllunin verður því stutt og klaufaleg.

Ætla mætti að íþróttافرétir fjölmiðlanna sýndu þann raunveruleika sem ríkir í íþróttahéiminum en þegar á heildina er lítið þá kemur annað í ljós. Lítið sem ekkert er fjallað um margar íþróttagreinar sem samt sem áður eru á meðal fjölmennustu íþróttagreinanna.

2.4 Fyrri rannsóknir

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á íþróttæfni fjölmiðla bæði hér á landi og erlendis en þó engin á sama hátt og þessi rannsókn. Langflestar þeirra hafa verið gerðar í því skyni að sýna fram á mun á umfjöllun milli kynja. Þrátt fyrir það þá var magn umfjöllunar um hverja íþróttagrein tekið fram í sumum þeirra og var því hægt að nýta þær til samanburðar við þessa rannsókn.

Félagsvísindastofnun gerði rannsókn fyrir Fjölmiðlanefnd ÍSÍ árið 1991 sem heitir *Íþróttæfni í fjölmiðlum*. Sú rannsókn náði til prentmiðla og ljósvakamiðla. Þeir prentmiðlar sem teknir voru fyrir voru: Íþróttasíður Morgunblaðsins, DV, Tímans og Dags á Akureyri. Tekið var fyrir þriggja mánaða tímabil árið 1990. Tímabilinu var skipt í þrennt, 15. mars – 14. apríl, 1.-31. maí og 1.-31. ágúst. Umfjöllun íþróttافرétanna var mæld í dálksentímetrum. Efnið var flokkað eftir íþróttagrein, kyni og innlendri eða erlendri umfjöllun. Auk helstu niðurstaðna um kynjamisrétti leiddi könnunin í ljós að knattspyrna fékk langmesta umfjöllun eða 46,89%, þar á eftir kom handknattleikur með 12,16% umfjöllunar, körfuknattleikur með 8,77%, frjálsíþróttir með 6,31% og svo golf með 5,18% (Guðrún Andrea Jónsdóttir og Jón H. Sigurðsson 1991:3-4).

Sumarið 1997 gerði Viðar Halldórsson rannsókn fyrir nefnd um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Rannsóknin heitir *Íþróttæfni í dagblöðum* og með henni var ætlunin að athuga hvort hlutföll milli kynja í íþróttافرéttaumfjöllun hefðu breyst frá árinu 1991 þegar Félagsvísindastofnun gerði samskonar rannsókn fyrir Fjölmiðlanefnd ÍSÍ. Rannsóknin náði til sömu tímabila og sú fyrrnefnda á árinu 1996. Sömu dagblöð voru notuð, nema hvað Dagur sameinaðist Tímanum á þriðja tímabilinu og vantaði því 3-4 daga inn í umfjöllun Dags. Auk helstu niðurstaðna um kynjamisrétti kom það í ljós að hlutfallið milli íþróttagreinanna hafði breyst töluvert og magn íþróttافرétanna hafði aukist verulega. Knattspyrnan fékk sem áður mesta umfjöllun eða 41,2%, frjálsíþróttir

voru næstar með 13,82% svo kom körfubolti með rúmlega 13,14%, handbolti með 10,25% og golf með 3,12%.

Í desember árið 2000 var birt grein í Morgunblaðinu um niðurstöður rannsóknar á íþróttæfni dagblaðanna frá 1. maí 1999 – 30. apríl 2000. Rannsóknina unnu Hilmar Thor Bjarnason og Jódís Bjarnadóttir. Allar íþróttافرéttr áttunda hvern dag á tímabilinu voru teknar fyrir hjá Morgunblaðinu, DV og Degi. Talinn var fjöldi íþróttافرéttranna en ekki var tekið tillit til stærðar umfjöllunarinnar. Rannsóknin var gerð í þeim tilgangi að sýna fram á kynjamisrétti en einnig kom fram að 57,1% fréttranna var um knattspyrnu, 14,2% um handknattleik og 9,7% um körfuknattleik. Hluttur annarra íþróttagreina var 2,7% eða minni (Arna Schram, 2000).

Í lok árs 2004 hófst samvinna Austurríkis, Litháens, Noregs, Ítalíu og Íslands í verkefninu *Sports, Media and Stereotypes - Women and Men in Sports and Media (Íþróttir, fjölmiðlar og staðalmyndir – konur og karlar í íþróttum og fjölmiðlum)*. Jafnréttisstofa sá um verkefnið sem var tvíþætt, annars vegar að skapa þekkingu á hluta og hlutverkum karla og kvenna í íþróttافرéttrum í Evrópu og hinsvegar að finna leiðir til þess að brjóta upp staðalmyndir kynjanna í tengslum við íþróttir. Yfir 1700 íþróttافرéttr voru skoðaðar, helmingur á meðan sumarólympíuleikarnir 2004 stóðu yfir og helmingur í byrjun árs 2005. Jafn mikið magn fréttar var skoðað í öllum löndunum og voru þær bæði úr dagblöðum og sjónvarpsfréttrum. Meginniðurstöður rannsóknarinnar sýndu lítið hlutfall kvenna (13%) og yfirgnæfandi hlutfall karla (78%). Ekki var sýnt fram á hlutföll milli íþróttagreina en sýnt var fram á röð þeirra íþróttagreina sem fengu besta umfjöllun. Yfirgnæfandi meirihluti umfjöllunar var um knattspyrnu, en þar á eftir, í réttri röð, komu frjálsíþróttir, körfuknattleikur, handknattleikur, skíðaíþróttir og sund. (Kjartan Ólafsson 2006:44). Þó má taka það fram að niðurstöðurnar eru úr öllum fjölmiðlunum saman og talinn var fjöldi fréttar hveurrar íþróttagreinar en ekki tekið tillit til lengdar umfjöllunarinnar.

Árið 1986 gerðu Gunnar Valgeirsson og Eldon E. Snyder rannsókn á innihaldi íþróttافرéttr stærstu dagblaða þriggja landa, á Íslandi, Englandi og í Bandaríkjunum. Aðaláhersla var lögð á samanburð á umfjöllun íþróttagreinnanna, magn umfjöllunar um konur, áhugamenn og atvinnumenn. Blöðin sem tekin voru fyrir voru Morgunblaðið, London Times og New York Times. Tímabilið sem tekið var fyrir var eitt ár, frá 1.

nóvember 1984 til 1. nóvember 1985. Úrtakið var fimmtánda hvert blað yfir tímabilið til þess að fá jafnmörg eintök af hverjum vikudegi hjá blöðunum þremur. Í íslenska hluta rannsóknarinnar kom m.a. í ljós að knattspyrna fékk mesta umfjöllun með 38,9%, handknattleikur kom þar á eftir með 17,5% svo frjálsíþróttir með 9,7%, körfuknattleikur með 6,7% og golf með 6,5%. Í heildarniðurstöðum rannsóknarinnar mátti sjá að fjallað var um mismunandi íþróttagreinar milli landa, London Times fjallaði um mun fleiri íþróttagreinar en Morgunblaðið og New York Times og ekki var eins mikill munur á umfjöllun milli íþróttagreina eins og í hinum tveimur blöðunum (Gunnar Valgeirsson og Snyder 1986: 131 - 134).

Árið 2005 var gerð rannsókn á 37 dagblöðum í 9 löndum. Rannsóknin bar heitið *International Sports Press Survey* og var unnin af stofnuninni Huset Mandag morgen í samvinnu við Play the Game, ráðstefnuna. Niðurstöðurnar voru svo kynntar á Play the Game ráðstefnunni sem fram fór í Kaupmannahöfn sama ár. Rannsóknin var mjög víðtæk og meðal annars kom fram í Evrópska hluta rannsóknarinnar að 50,9% íþróttافرétta í dagblöðum fjölluð um knattspyrnu, 6,3% um hjólreiðar, 5,8% um tennis, 3,4% um formúlu 1 og 3,4% um golf. Í rannsókninni voru fréttirnar taldar en ekki var tekið tillit til magns umfjöllunarinnar (Sørensen).

Eins og sjá má eru flestar þessar rannsóknir unnar með það meginmarkmið að sýna fram á kynjamisrétti í íþróttافرéttaumfjöllun fjölmiðlanna. Þetta hefur greinilega verið vinsælt rannsóknarefni og sérstaklega í ljósi þess að íþróttافرéttaumfjöllun um konur er ekki í neinu samhengi við þann hluta sem þær mynda í íþróttahæiminum (Viðar Halldórsson 1997:3). Þar sem ég ákvað að rannsaka mismun á íþróttافرéttaumfjöllun milli íþróttagreina fannst mér því liggja beinast við að bera magn umfjöllunar íþróttagreina saman við fjölda iðkenda þeirra.

3. Aðferðafræði

3.1 Rannsóknarspurning og tilgátur

Rannsóknarspurningin sem stuðst var við í þessari rannsókn er: Hver er munurinn á íþróttافرéttaumfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðum á Íslandi? Rannsóknin gengur út á að svara þessari spurningu einni og sér og einnig með tilliti til annarra þátta, s.s. kynjahlutfalls og hlutfalls innlendrar og erlendrar umfjöllunar. Nokkrar tilgátur voru settar fram í byrjun rannsóknarferilsins sem verða svo annað hvort studdar eða felldar eftir að niðurstöður koma í ljós. Tilgáturnar voru:

- Knattspyrna yfirgnæfir umfjöllun allra íþróttagreina í dagblöðum á Íslandi
- Fjölmennar íþróttagreinar sem fengið hafa litla umfjöllun í dagblöðum hafa fengið tiltölulega meiri umfjöllun síðastliðin ár
- Umfjöllun um minni atburði í fjölmennustu íþróttagreininum fær meiri athygli en umfjöllun um framúrskarandi árangur í fámennari greinum
- Íþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðum á Íslandi er ekki í neinu samhengi við fjölda iðkenda í einstökum greinum

3.2 Rannsóknaraðferð

Við þessa rannsókn er notuð meginndleg aðferðafræði. Meginndleg aðferðafræði byggir á tölfræði og því sem hægt er að telja og mæla, þess vegna er hún æskilegust fyrir þessa rannsókn. Með aðferð sem þessari er svo unnið að því að styðja eða hrekja tilgátur sem settar voru fram í byrjun (Sigurlína Davíðsdóttir 2003:222). Niðurstöður eru svo útskýrðar með lýsandi tölfræði en þar sjáum við hvað er dæmigert fyrir gögnin og hversu miklu munar á milli hópa (Amalía Björnsdóttir 2003:117).

3.3 Úrtak

Í rannsóknarstarfi er mikilvægt að velja úrtak sem gefur sem besta mynd af heildarhópnum sem álykta á um (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson 2003:51). Þar sem könnunin náði til tímabilsins 1. janúar 2006 – 31. desember 2006 var þýðið allar íþróttافرéttr í dagblöðum á Íslandi árið 2006, þ.e.a.s. í Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Blaðinu. Áætla átti hversu mikið magn íþróttافرéttaumfjöllunar Íslendingar sjá yfir árið og mæla út frá því mun á magni umfjöllunar milli íþróttagreina. Ákveðið var að taka tvö mest lesnu dagblöðin fyrir í rannsókninni og samkvæmt fjölmiðlakönnunum Capacent-rannsókna voru Morgunblaðið og Fréttablaðið mest lesnu dagblöðin á Íslandi árið 2006 (Guðni Rafn Gunnarsson, Hafsteinn Már Einarsson, Jón Karl Árnason, Páll Ásgeir Guðmundsson og Sóley Valdimarsdóttir, 2006). Blaðið var því ekki tekið með í rannsókninni en önnur ástæða fyrir því að Blaðið var ekki tekið með er sú að það er prentað í prentsmiðju Morgunblaðsins á kvöldin, áður en Morgunblaðið fer í prentun. Blaðamenn þess ná því ekki úrslitum úr ýmsum leikjum og mótum sem fram fara á kvöldin og að sögn Trausta Hafliðasonar (2006) er því engin ástæða þess að birta gamlar fréttir sem birtust í hinum blöðunum daginn áður Íþróttافرéttaumfjöllun Blaðsins myndi því einungis skekkja niðurstöðurnar.

3.4 Framkvæmd

Í lok desember var hringt í þá aðila sem sjá um höfundarétt hjá Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Blaðinu og fengið leyfi fyrir því að nota dagblöðin árið 2006 í rannsóknina. Þó svo að leyfi hafi fengist hjá Blaðinu þá var, eins og áður sagði, ákveðið að sleppa því. Úrvinnsla gagna hófst í lok desember 2006 og lauk ekki fyrr en í lok mars 2007. Fréttablaðið árið 2006 var hægt að nálgast á PDF formi á internetinu en Morgunblaðið var fengið á Þjóðarbókhöðunni og þar þurfti að fletta blöðunum sjálfum. Úrvinnslan var tímafrek og gekk mjög hægt. Hver frétt var mæld í dálksentímetrum, flokkuð eftir kyni og skipt í innlenda og erlenda umfjöllun. Hverri blaðsíðu er skipt upp í fimm dálka og dálksentimetrar eru því lengd dálkana í sentímetrum. Fyrirsagnir og myndir voru ekki teknar með í rannsóknina. Ekki var farið aðeins yfir íþróttasíður blaðanna, heldur var flett í gengum öll blöðin. Ástæðan fyrir því er sú að hestaíþróttir fá

ekki pláss á íþróttasíðum dagblaðanna og stundum kemur það fyrir að íþróttافرétir læðist inn á aðrar síður blaðanna. Íþróttافرétir Fréttablaðsins voru mældar með Screen Calipers mælingarforriti og mældi það með nákvæmni upp á 0,01 cm. Íþróttافرétir Morgunblaðsins voru hins vegar mældar með T-reglustiku með nákvæmni upp á 0,1 cm. Upplýsingarnar voru jafnóðum slegnar inn í gagnasafn og heildarumfjöllun hverrar íþróttagreinar var lögð saman með tilliti til kynja og innlendar og erlendar umfjöllunar. Þegar allar upplýsingar voru komnar í gagnasafnið voru unnar niðurstöður úr því.

3.5 Úrvinnsla gagna

Niðurstöðum var jafnóðum slegið inn í SPSS-forritið sem er sérhæft forrit fyrir tölfraeðirannsóknir. Hver frétt fyrir sig var slegin inn í forritið. Þegar á leið og búíð var að fara yfir um 3 mánuði af árinu var breytt um aðferð. Mjög mikið magn upplýsinga var komið inn í forritið og ekki var vitað hversu margar línur forritið tæki af upplýsingum. Niðurstöðurnar voru því lagðar saman. Þ.e.a.s. heildarumfjöllun hverrar íþróttagreinar var lögð saman með tilliti til þjóðernis og kynja. Í framhaldinu var haldið áfram að mæla og nýjum tölum bætt við heildartölurnar. Þegar allar tölur voru komnar inn í forritið voru niðurstöður fundnar með töflum og myndum. Í lokin var svo ákveðið að færa niðurstöðurnar yfir í Microsoft Excel þar sem auðveldara var að lesa úr myndunum þar.

Fyrri rannsóknir á íþróttafeni í fjölmiðlum eru flestar yfir styttra tímabil, sumar einn mánuð, aðrar þrjú mánuði dreift yfir árið og enn aðrar einn og einn dag jafnt yfir árið. Einnig eru mælingaraðferðirnar mismunandi á milli rannsókna. Sumar rannsóknirnar telja heildarfjölda fréttanna en aðrar mæla magn umfjöllunarinnar eins og gert er í þessari rannsókn. Fyrri rannsóknir hafa þó langflestar verið með aðaláherslu á kynjamun íþróttافرétanna en ekki mun á magni umfjöllunar milli íþróttagreina. Ef mæla á mun á magni umfjöllunar milli íþróttagreina er ekki nógu marktækt að taka styttra tímabil vegna þess að umfjöllun um hverja íþróttagreina nær hámarki á keppnistímabili og þau eru á mismunandi tíma eftir íþróttagreinum. Með því að taka allt árið nást öll tímabil hjá öllum greinum og hægt er að sjá marktækan mun á magni umfjöllunar milli íþróttagreina.


3.6. Fjöldi iðkenda

Ekki eru allir sáttir við magn íþróttافرéttaumfjöllunar ákveðinna íþróttagreina og oft vantar umfjöllun um viðburði í fámennari greinum sem samt sem áður eru frétt næmari en það sem fjallað er um í fjölmennari greinum á sama tíma. Þar sem aðaláhersla rannsóknarinnar var að mæla mun á magni íþróttافرéttaumfjöllunar milli íþróttagreina var ákveðið að bera hlutföll umfjöllunarinnar saman við fjölda iðkenda í hverri íþróttagrein. Leitast var við að fá upplýsingar um félagaskráningu hjá hverju sérsambandi fyrir sig árið 2006. Ekki voru mörg sérsambönd sem gátu gefið upp tölur fyrir árið 2006 þar sem starfsskýrslur sambandanna voru ekki tilbúnar. Það var því leitað til ÍSÍ og fengnar voru tölur yfir fjölda skráðra iðkenda hjá hverju sérsambandi árið 2005 og notast var við þær.

4. Rannsóknarniðurstöður

Fréttaumfjöllun um íþróttir í dagblöðum á Íslandi er mjög misjöfn. Dagblöðin gera íþróttagreininum mishátt undir höfði eins og búast má við, því þær eru ekki allar jafn vinsælar og fjöldi iðkenda hvernar íþróttagreinar er mismikill. Þó er magn fréttaumfjöllunar um hverja íþróttagrein alls ekki í samræmi við fjölda iðkenda þeirra. Boltagreinar fá langmesta umfjöllun og bitnar það á öðrum fjölmönnum íþróttagreinum eins og hestaíþróttum, fimleikum og frjálsíþróttum. Þó er það misjafnt á milli blaðanna hversu mikið greininum er mismunað. Kynjamunurinn er einnig mikill og erlend íþróttافرéttaumfjöllun tekur sinn toll af þeirri innlendu.

4.1 Heildaríþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna – Munur milli íþróttagreina




Mynd 1. Samanburður á heildarmagni íþróttافرétta hjá Morgunblaðinu og Fréttablaðinu árið 2006.


Heildarmagn íþróttافرétta dagblaðanna tveggja árið 2006. Ef íþróttافرéttaumfjöllun blaðanna tveggja er lögð saman, sýnir það okkur að íþróttافرétirnir hjá Morgunblaðinu eru töluvert meiri (57,3%) en hjá Fréttablaðinu (42,61%).

Tafla 1. Heildaríþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðunum árið 2006.

Íþróttagrein:	Dálksentimetrar:	Hlutföll:
Knattspyrna	97850,7	53,26%
Handknattleikur	50124,87	27,29%
Körfuknattleikur	14231,4	7,75%
Golf	9325	5,08%
Frjálsíþróttir	1936,6	1,05%
Skíðaíþróttir	1839,8	1,00%
Hestaíþróttir	1386,8	0,75%
Akstursíþróttir	1230	0,67%
Sund	1113,1	0,61%
Tennis	994,6	0,54%
Fimleikar	834,2	0,45%
Blak	528,5	0,29%
Íshokkí	320,9	0,17%
Badminton	280,1	0,15%
Almenningsíþróttir	216,7	0,12%
Borðtennis	195,5	0,11%
Hjólreiðar	179,3	0,10%
Hnefaleikar	176,2	0,10%
Amerískur fótbolti	168,2	0,09%
Íþróttir fatlaðra	159,6	0,09%
Júdó	134,8	0,07%
Kraftlyftingar	96,8	0,05%
Glíma	95,6	0,05%
Hafnabolti	70,4	0,04%
Karate	47,6	0,03%
Skautaiþróttir	38,6	0,02%
Krulla	28,1	0,02%
Taekwondo	26,8	0,01%
Snjósleðaíþróttir	18,8	0,01%
Keila	18,4	0,01%
Skyllingar	18,3	0,01%
Snóker	12,7	0,01%
Siglingar	5,1	0,00%
Skotfimi	4,1	0,00%
Samtals	183708,2	100%



Mynd 2. Samanburður á íþróttafrétttaumfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðunum árið 2006 (mynd 1 af 2).




Mynd 3. Samanburður á íþróttافرéttaumfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðunum árið 2006 (mynd 2 af 2).

Mikill mismunur er á milli íþróttagreina í íþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna. Knattspyrna fær rúmlega 53% umfjöllunar, þar á eftir kemur handknattleikur með rúmlega 27% umfjöllunar, næst körfuknattleikur með tæplega 8% umfjöllunar og svo golf með rétt rúmlega 5% umfjöllunar. Allar aðrar íþróttagreinar fá um 1% eða minna.

Tafla 2. Samanburður á umfjöllun um íþróttagreinar í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu árið 2006.

Hér að neðan má sjá hversu mikið hvort dagblað fyrir sig fjallar um íþróttagreinar. Allar hlutfallstölur eru miðaðar við heildaríþróttافرéttaumfjöllun beggja blaða samtals. Þar sem engin tala birtist er ekki um neina umfjöllun að ræða.

Morgunblaðið	dálksentimetrar		%	Fréttablaðið	dálksentimetrar		%
Knattspyrna	58567,9	31,88%		39282,8	21,38%		
Handknattleikur	22753,5	12,39%		27372,2	14,90%		
Körfuknattleikur	8734,8	4,75%		5496,5	3,00%		
Golf	7833,3	4,26%		1491,5	0,82%		
Frjálsíþróttir	1559,0	0,84%		377,4	0,21%		
Skíðaíþróttir	1538,9	0,84%		300,8	0,16%		
Sund	880,5	0,48%		232,5	0,13%		
Tennis	542,8	0,30%		451,7	0,24%		
Fimleikar	462,7	0,25%		371,4	0,20%		
Blak	425,4	0,23%		76,1	0,06%		
Hestaíþróttir	414,4	0,23%		972,4	0,53%		
Íshokkí	266,5	0,15%		54,2	0,03%		
Akstursíþróttir	250,5	0,14%		980,4	0,53%		
Badminton	184,5	0,10%		95,7	0,05%		
Almenningsíþróttir	125,3	0,07%		91,4	0,05%		
Júðó	108,6	0,06%		26,2	0,01%		
Borðtennis	99,4	0,06%		96,1	0,05%		
Hjólreiðar	90,0	0,06%		62,0	0,04%		
Íþróttir fatlaðra	88,0	0,05%		71,6	0,04%		
Glíma	70,7	0,04%		24,9	0,01%		
Amerískur fótbolti	63,3	0,03%		104,8	0,06%		
Hnefaleikar	58,4	0,03%		84,7	0,05%		
Karate	44,0	0,02%		3,6	0,00%		
Skautaíþróttir	34,7	0,02%		3,9	0,00%		
Kraftlyftingar	29,0	0,02%		67,8	0,04%		
Krulla	24,5	0,01%		3,6	0,00%		
Keila	18,4	0,01%					
Skyldingar	18,3	0,01%					
Hafnabolti	16,8	0,01%		53,6	0,03%		
Taekwondo	15,8	0,01%		11,0	0,01%		
Snóker	12,7	0,01%					
Siglingar	5,1	0,00%					
Skotfimi	4,1	0,00%					
Snjósleðaíþróttir				18,8	0,01%		
Samtals:	105341,6	57,35%		78279,6	42,65%		



Mynd 4. Samanburður á umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins á þeim sex íþróttagreinunum sem fá mesta umfjöllun árið 2006. Allar hlutfallstölur eru miðaðar við heildariþróttافرéttaumfjöllun beggja blaða samtals.


Áhersla dagblaðanna er mismunandi, eins og sést í töflunni hér á undan fjallar Morgunblaðið um fleiri íþróttagreinar en Fréttablaðið. Fréttablaðið fjallar meira en Morgunblaðið um íþróttir sem ekki eru stundaðar á Íslandi, s.s. amerískan fótbolta og hafnabolta. Einu íþróttagreinarnar þar sem Fréttablaðið er með áberandi meiri umfjöllun en Morgunblaðið er um hestaíþróttir og akstursíþróttir. Morgunblaðið er með meiri umfjöllun um vinsælustu íþróttagreinarnar nema um handbolta, þar er Fréttablaðið með meiri umfjöllun. Hlutföll þeirra íþróttagreina sem fá minna en 1% af heildaríþróttافرéttaumfjöllunar má sjá í töflunni hér á undan.

4.2 Íþróttافرéttaumfjöllun og fjöldi iðkenda

Tafla 3. Fjöldi skráðra iðkenda íþróttasambanda innan ÍSÍ

Íþróttagrein	Fjöldi iðkenda	%
Knattspyrna	18210	18,28%
Golf	13866	13,92%
Hestaíþróttir	10497	10,53%
Handknattleikur	6764	6,79%
Fimleikar	6183	6,21%
Körfuknattleikur	5869	5,89%
Frjálsíþróttir	5022	5,04%
Badminton	4931	4,95%
Sund	2980	2,99%
Almenningsíþróttir	2665	2,67%
Dans	2459	2,47%
Skíðaíþróttir	2028	2,04%
Skotfimi	1932	1,94%
Blak	1827	1,83%
Karate	1403	1,41%
Siglingar	1308	1,31%
Tennis	1218	1,22%
Vélhjólaíþróttir	1041	1,04%
Júdó	1097	1,10%
Borðtennis	902	0,91%
Skyldingar	860	0,86%
Íþróttir fatlaðra	832	0,84%
Skautaíþróttir	722	0,72%
Íshokki	709	0,71%
Hnefaleikar	701	0,70%
Taekwondo	645	0,65%
Keila	508	0,51%
Klifur	498	0,50%
Skvass	476	0,48%
Glíma	432	0,43%
Akstursíþróttir	320	0,32%
Hjólreiðar	311	0,31%
Jujitsu	150	0,15%
Akiódo	97	0,10%
Krulla	66	0,07%
Svifflug	60	0,06%
Lyftingar	38	0,04%
Fallhlífurstökk	13	0,01%
Samtals	99640	100,00%

Íþróttgreinar eftir stærð 2005



(Íþróttasamband Íslands, 2005)


Mynd 5. Stærð íþróttgreina innan ÍSÍ, eftir fjölda iðkenda, árið 2005.

Fjöldi skráðra iðkenda íþróttgreina innan ÍSÍ. Knattspyrnusambandið er stærst með 18.210 félaga, næst kemur golfsambandið með 13.866, því næst hestaíþróttir með 10.497, svo handknattleikssambandið með 6.746, o.s.frv.

Tafla 4. Stærð íþróttagreina, eftir fjölda iðkenda, magn umfjöllunar íþróttagreinnanna í dagblöðum og misvægi milli umfjöllunar og fjölda iðkenda.

Hér að neðan má sjá hlutföll af stærð hversrar íþróttagreinar eftir fjölda skráðra iðkenda hjá viðkomandi sérsamböndum, hversu mikið dagblöðin fjalla um íþróttagreinar og misvægið á milli fjölda iðkenda og þeirrar íþróttافرéttaumfjöllunar sem hver íþróttagrein fær. Misvægið segir til um það hversu mikil umfjöllun íþróttagreinarinnar er miðað við fjölda iðkenda hennar. Þ.e.a.s. ef misvægið er fjórir þá er umfjöllunin fjórföld miðað við fjölda iðkenda.


Íþróttagrein	Stærð	Umfjöllun	Misvægi
Knattspyrna	18,28%	53,26%	2,91
Golf	13,92%	5,08%	0,36
Hestaíþróttir	10,53%	0,76%	0,07
Handknattleikur	6,79%	27,29%	4,02
Fimleikar	6,21%	0,45%	0,07
Körfuknattleikur	5,89%	7,75%	1,32
Frjálsíþróttir	5,04%	1,05%	0,21
Badminton	4,95%	0,15%	0,03
Sund	2,99%	0,61%	0,20
Dans	2,47%	0,00%	0,00
Skíðaíþróttir	2,04%	1,00%	0,50
Skotfimi	1,94%	0,00%	0,00
Blak	1,83%	0,29%	0,16
Karate	1,41%	0,03%	0,02
Siglingar	1,31%	0,00%	0,00
Tennis	1,22%	0,54%	0,44
Vélhjólaíþróttir	1,04%	0,00%	0,00
Júdo	1,10%	0,07%	0,06
Borðtennis	0,91%	0,11%	0,12
Skylmingar	0,86%	0,01%	0,01
Íþróttir fatlaðra	0,84%	0,09%	0,12
Skautaíþróttir	0,72%	0,02%	0,03
Íshokki	0,71%	0,18%	0,25
Hnefaleikar	0,70%	0,07%	0,10
Taekwondo	0,65%	0,02%	0,03
Keila	0,51%	0,01%	0,02
Klifur	0,50%	0,00%	0,00
Skvass	0,48%	0,00%	0,00
Glíma	0,43%	0,05%	0,12
Akstursíþróttir	0,32%	0,67%	2,09
Hjólreiðar	0,31%	0,10%	0,32
Jujitsu	0,15%	0,00%	0,00
Akido	0,10%	0,00%	0,00
Krulla	0,07%	0,02%	0,29
Svifflug	0,06%	0,00%	0,00
Lyftingar	0,04%	0,05%	1,25
Fallhlífarstökk	0,01%	0,00%	0,00
Samtals:	97,33%	100,000%	



Mynd 6. Stærð sex fjölmennustu íþróttagreina, eftir fjölda iðkenda, borin saman við magn umfjöllunar þeirra í dagblöðunum árið 2006.

Þær íþróttagreinar sem eru ekki meðal sex fjölmennustu má sjá í töflunni hér á undan.

Magn umfjöllunar í dagblöðunum árið 2006 er ekki í neinu samhengi við stærð íþróttagreina sjálfra. Knattspyrna, handknattleikur og akstursíþróttir fá mjög mikla umfjöllun miðað við fjölda iðkenda, t.d. er knattspyrnusambandið með 18,28% af iðkendum íþróttasambandsins en fær 53,26% af íþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna og handknattleikssambandið með 6,79% iðkenda en 27,29% umfjöllunar. Þessu er öfugt farið með flestar aðrar íþróttagreinar, þ.e.a.s. flestar íþróttagreinar fá mjög lítið hlutfall umfjöllunar miðað við fjölda iðkenda.



Mynd 7. Misvægi milli magns umfjöllunar íþróttagreina og fjölda iðkenda.


Misvægið á milli magns umfjöllunar íþróttagreina og fjölda iðkenda þeirra mjög ólíkt eftir íþróttgreinum. Hér má sjá að vægi umfjöllunar í handknattleik er fjórfalt á við iðkendafjöldann. Vægi umfjöllunar í knattspyrnu er nær þrefalt á við iðkendafjöldann og vægi umfjöllunar um akstursíþróttum er tvöfalt á við iðkendafjöldann. Þær íþróttagreinar sem fá nánast sama magn umfjöllunar og iðkendafjöldi segir til um eru körfuknattleikur og lyftingar. Allar aðrar íþróttagreinar fá það litla umfjöllun að hún er hálfu sinni jafn mikil og iðkendafjöldinn segir til um eða minni. Sumar íþróttagreinar fá jafnvel enga umfjöllun.

4.3. Innlend og erlend íþróttافرéttaumfjöllun

Tafla 5. Magn innlendar og erlendar íþróttافرéttaumfjöllunar í dagblöðunum árið 2006.


Hér að neðan má sjá hversu mikil innlend og erlend umfjöllun um íþróttagreinar er í báðum dagblöðunum saman. Allar hlutfallstölur eru miðaðar við heildaríþróttافرéttaumfjöllun beggja blaða samtals. Þar sem engin tala birtist er ekki um neina umfjöllun að ræða.

Íþróttagrein:	Innlent:		Erlent:	
	Dálksentímetrar:	%	Dálksentímetrar	%
Knattspyrna	49388,4	26,88%	48462,3	26,38%
Handknattleikur	38924,37	21,19%	11200,5	6,10%
Körfuknattleikur	9680,9	5,27%	4550,5	2,48%
Golf	5048,2	2,75%	4276,8	2,33%
Frjálsíþróttir	1100,9	0,60%	835,7	0,45%
Skíðaíþróttir	1024,6	0,56%	815,2	0,44%
Hestaíþróttir	1377,5	0,75%	9,3	0,01%
Akstursíþróttir	73,5	0,04%	1157,4	0,63%
Sund	969,2	0,53%	143,9	0,08%
Tennis	317,4	0,17%	677,2	0,37%
Fimleikar	834,2	0,45%		
Blak	444,7	0,24%	83,8	0,05%
Íshökkí	266,3	0,14%	54,6	0,03%
Badminton	257,3	0,14%	4,8	0,00%
Almenningsíþróttir	216,3	0,12%		
Borðtennis	185,1	0,10%	10,4	0,01%
Hjólreiðar	74,7	0,04%	104,6	0,06%
Hnefaleikar	71,7	0,04%	104,5	0,06%
Íþróttir fatlaðra	159,6	0,09%		
Júdó	134,8	0,07%		
Kraftlyftingar	85	0,05%	11,8	0,01%
Glíma	95,6	0,05%		
Karate	47,6	0,03%		
Skautaíþróttir	3,9	0,00%	34,7	0,02%
Krulla	17,1	0,01%	11	0,01%
Taekwondo	26,8	0,01%		
Snjósleðaíþróttir	18,8	0,01%		
Keila	18,4	0,01%		
Skyllingar	18,3	0,01%		
Siglingar	5,1	0,00%		
Skotfimi	4,1	0,00%		
Amerískur fótbolti			168,2	0,09%
Snóker			12,7	0,01%
Hafnabolti			70,4	0,04%
Samtals:	110890,37	60,37%	72800,3	39,63%



Mynd 8. Hlutfall innlendar og erlendar íþróttافرéttaumfjöllunar af heildaríþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðunum árið 2006.

Af heildaríþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna árið 2006 spannar innlend íþróttافرéttaumfjöllun 60,37% og erlend íþróttافرéttaumfjöllun 39,63%.



Mynd 9. Samanburður á innlendra og erlendra íþróttافرéttaumfjöllun þeirra sex íþróttagreina sem fengu mesta umfjöllun.




Knattspyrnuumfjöllunin er mest bæði í innlendum og erlendum íþróttافرéttum og er hlutfallið mjög svipað eða rúmlega 26%. Innlendi handknattleikurinn fylgir svo fast þar á eftir með rúmlega 21% en erlendi handknattleikurinn fær aðeins rúmlega 6%. Innlendi körfuknattleikurinn er svo með rúmlega 5% og sá erlendi með rúmlega 2%. Þar á eftir kemur golfið með um 3% in innlendri umfjöllum og 2% í erlendri umfjöllun. Frjálsíþróttir og skíðaíþróttir fá svipað mikla innlenda og erlenda umfjöllun eða í kring um 0,5% í bæði innlendri og erlendri umfjöllun. Aðrar íþróttagreinar má sjá í töflunni hér á undan.

4.4 Kynjamunur í íþróttafréttumfjöllun

Tafla 6. Kynjamunur í íþróttafréttumfjöllun dagblaðanna árið 2006.


Hér að neðan má sjá hversu mikil umfjöllun er á milli kynjanna í báðum dagblöðunum saman. Allar hlutfallstölur eru miðaðar við heildaríþróttafréttumfjöllun beggja blaða samtals. Þar sem engin tala birtist er ekki um neina umfjöllun að ræða

Íþróttagrein:	karlar:	%	konur:	%	Bæði kyn:	%
Knattspyrna	90220,6	48,80%	7076,5	3,828%	553,6	0,299%
Handknattleikur	45972,5	24,87%	3909,3	2,114%	243,1	0,131%
Körfuknattleikur	12090,8	6,54%	1913,6	1,035%	227,0	0,123%
Golf	7037,7	3,81%	1221,1	0,660%	1066,2	0,577%
Frjálsíþróttir	731,6	0,40%	636,5	0,344%	568,5	0,307%
Skíði	609,4	0,33%	824,0	0,446%	406,4	0,220%
Hestaíþróttir	205,5	0,11%	130,0	0,070%	1501,3	0,812%
Akstursíþróttir	1230,9	0,67%				
Sund	609,4	0,33%	824,0	0,446%	406,4	0,220%
Tennis	588,6	0,32%	295,9	0,160%	110,1	0,060%
Fimleikar	141,3	0,08%	543,0	0,294%	149,9	0,081%
Blak	195,8	0,11%	285,4	0,154%	47,3	0,026%
Íshokki	320,9	0,17%				
Badminton	26,9	0,01%	93,5	0,051%	159,7	0,086%
Almenningsíþróttir			86,9	0,047%	129,8	0,070%
Borðtennis	183,8	0,10%			11,7	0,006%
Hjólreiðar	179,3	0,10%				
Hnefaleikar	137,6	0,07%			38,6	0,021%
Amerískur fótbolti	168,2	0,09%				
Íþróttir fatlaðra	60,1	0,03%	29,7	0,016%	68,3	0,037%
Júdó	96,0	0,05%			38,8	0,021%
Kraftlyftingar	96,8	0,05%				
Glíma	7,3	0,00%	17,6	0,010%	70,7	0,038%
Hafnabolti	70,4	0,04%				
Karate	24,5	0,01%	23,1	0,012%		
Skautaiþróttir			3,9	0,002%	34,7	0,019%
Krulla	28,1	0,02%				
Taekwondo	26,8	0,01%				
Snjócross	18,8	0,01%				
Keila			9,4	0,005%	9,0	0,005%
Skyldingar			9,1	0,005%	9,2	0,005%
Snóker	12,7	0,01%				
Siglingar	5,1	0,00%				
Skotfimi	4,1	0,00%				
Samtals	161101,5	87,14%	17932,5	9,70%	5850,3	3,16%



Mynd 10. Samanburður á hlutföllum kynjanna í íþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna árið 2006.

Karlar fá lang mesta umfjöllun í dagblöðum eða 87,14%, konur fá 9,70% og bæði kynin saman fá 3,16% umfjöllunar.



Mynd 11. Samanburður á íþróttافرéttaumfjöllun milli kynja í þeim sex íþróttagreinum sem fengu mesta umfjöllun.

Umfjöllun um karla er ríkjandi í heildina litið. Þó eru nokkrar íþróttagreinar þar sem umfjöllun um konur er meiri en um karla, þ.e. skíðaiþróttir, sund, fimleikar og blak. Umfjöllun um bæði kynin saman er svo mest í hestaiþróttum, badmintoni, almenningiþróttum, íþróttum fatlaðra, glímu og skautaiþróttum. Þær íþróttagreinar sem ekki sjást á myndinni má sjá í töflunni hér á undan.

5. Umræður

Í þessari rannsókn var skoðað hversu mikill munur er á íþróttافرéttaumfjöllum milli íþróttagreina í dagblöðum á Íslandi. Árið 2006 var tekið fyrir og ætti það að geta endurspeglad það magn og hlutfall sem við sjáum í dagblöðum ár hvert. Þó má gera ráð fyrir hugsanlegum mun milli ára vegna stórmóta í einstökum íþróttagreinum og Ólympíuleika. Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar, þær verða túlkaðar og bornar saman við fyrri rannsóknir á svipuðu efni. Vísað verður í töflur og myndir úr niðurstöðukafla túlkuninni til stuðnings. Rannsóknarspurningunni sem sett var fram í upphafi verkefnisins verður svarað og tilgátur studdar eða felldar.

5.1 Heildaríþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna – Munur milli íþróttagreina

Heildaríþróttافرéttaumfjöllun er töluvert meiri hjá Morgunblaðinu en Fréttablaðinu yfir allt árið 2006. Morgunblaðið er með 57,34% umfjöllunar en Fréttablaðið með 42,61%. Ekki er vitað hvort áhugi Morgunblaðsins á íþróttum sé meiri heldur en Fréttablaðsins þar sem hlutfall íþróttaf heildar lesefni blaðanna er ekki vitað.

Á töflu 1 og mynd 2 og 3 má sjá mun á heildaríþróttافرéttaumfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðunum tveimur. Þar sést að mikill munur er á umfjöllun milli íþróttagreina og knattspyrnuumfjöllun yfirgnæfir umfjöllun um allar aðrar íþróttagreinar með um 53% umfjöllunar. Þar með er fyrsta tilgátan studd: *Knattspyrna yfirgnæfir umfjöllun allra íþróttagreina í dagblöðum á Íslandi*. Knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur og golf fá mesta umfjöllun en allar aðrar íþróttagreinar fá um 1% eða minna. Með þessum niðurstöðum hefur rannsóknarspurningunni verið svarað. Athyglisvert er að sjá að þessar fjórar íþróttagreinar mynda rúmlega 93% af allri íþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðunum. Stórmót gætu haft áhrif á umfjöllun um einstaka íþróttagreinar en heimsmeistaramótið í knattspyrnu og Evrópumeistaramótið í handknattleik fóru bæði fram þetta ár og fengu gífurlega umfjöllun.

Í samanburði við rannsókn Viðars Halldórssonar árið 1997 sjáum við að knattspyrnuumfjöllun hefur aukist en hún var 41,2% þá. Röðin á íþróttagreininum með

mesta umfjöllun hefur einnig breyst. Í rannsókn Viðars voru frjálsíþróttir með næstmesta umfjöllun eða 13,82%, í þessari rannsókn fengu þær einungis 1,05%. Körfuknattleikur kom þar á eftir með 13,14% en er nú einungis með 7,75%. Í fjórða sæti kom svo handknattleikur með 10,25% en umfjöllun um hann hefur aukist til muna og er í öðru sæti núna með 27,29%. Umfjöllun um golf hefur aukist um tæp 2%. Eina stórvægilega breytingin á milli þessara rannsókna er sú hve umfjöllun um frjálsíþróttir hefur hrapað. Hugsanlegar ástæður fyrir því gætu verið þær að árið 1997 voru Jón Arnar Magnússon, Guðrún Arnardóttir og Vala Flosadóttir öll upp á sitt besta en eftir að þau hættu keppni hefur umfjöllun um frjálsíþróttir minnkað mikið. Einnig stóð rannsókn Viðars ekki yfir í nema 3 mánuði og keppnistímabil frjálsíþróttamanna kom inn í rannsóknina. Allar aðrar íþróttagreinar fengu um eða undir 1% í báðum rannsóknunum. Sömu tímabil voru notuð í rannsókn Viðars og rannsókn Félagsvísindastofnunar (1991) en þar komu aðrar niðurstöður í ljós. Knattspyrna var efst með 46,89%, handknattleikur kom þar á eftir með 12,16%, svo kom körfuknattleikur með 8,77%, frjálsíþróttir með 6,31% og golf með 5,18%. Þessum niðurstöðum má frekar líkja við niðurstöðurnar eins og þær líta út í dag fyrir utan frjálsíþróttir. Ef við berum niðurstöðurnar saman við rannsóknina sem gerð var fyrir Play The Game ráðstefnuna árið 2005 sjáum við hvernig staðan var í Evrópu á þeim tíma. Þá má sjá að knattspyrnuumfjöllunin er mjög svipuð, hún var þar 50,9% en er um 53% í þessari rannsókn. Þær íþróttagreinar sem fá mesta umfjöllun á eftir knattspyrnunni eru þó aðrar greinar en hér á landi, þ.e.a.s. hjólreiðar, tennis og akstursíþróttir, golf kemur svo með 3,4% en í þessari rannsókn fær hún rúmlega 5%. Þó má taka það fram að rannsóknin var mæld á sama hátt og þessi rannsókn, þ.e.a.s. fréttirnar voru taldar og ekki var tekið tillit til lengdar fréttanna (Sørensen, 2005).

Það mætti jafnvel skoða meðalaldur iðkenda hverrar íþróttagreinar í samhengi við magn umfjöllunar um greinina. Hugsanlegt er að meðalaldurinn í knattspyrnu og handknattleik sé hærri en í t.d. badmintoni og sundi og þá mætti skoða hvort fylgni sé á milli aldurs iðkenda og umfjöllunar íþróttagreinanna.

Það kemur samt á óvart að þó vetrarólympíuleikar hafi verið árið 2006 að umfjöllun um skíðaíþróttir sé ekki meiri. Þó skíðaíþróttir hafi fengið sjöttu mestu umfjöllun þetta á þá var umfjöllunin ekki nema 1% af heildaríþróttافرéttaumfjöllun og líklegt er að umfjöllunin sé minni þau ár sem ekki eru Ólympíuleikar.

5.1 Áherslur dagblaðanna

Á töflu 2 og mynd 4 og 5 er íþróttافرéttaumfjöllun íþróttagreina hjá blöðunum tveimur borin saman. Þar sést að áherslur dagblaðanna eru mismunandi. Morgunblaðið fjallar um fleiri íþróttagreinar en Fréttablaðið. Fréttablaðið fjallar meira um íþróttir sem ekki eru stundaðar á Íslandi eins og amerískan fótbolta og hafnabolta. Það er hugsanlegt að Fréttablaðið hafi reynt að mynda sér einhverja sérstöðu þar sem ekki eru mörg ár síðan það kom á markaðinn. Þar sem knattspyrna er langvinsælasta íþróttagreinin þá má lítið gerast til þess að skrifað sé um það í blöðunum og það skyggir oft á aðra viðburði sem eiga sér stað á sama tíma. Sem dæmi má nefna umfjöllun um Evrópumótið í hópímleikum sem fram fór í Tékklandi í byrjun nóvember. Daginn eftir mótið birtist lítil grein þar sem talað var um að lið Gerplu hefði lent í 2. sæti í úrslitum mótsins og lítil mynd fylgdi greininni sem var ekki einu sinni tengd hópímleikum heldur áhaldafímleikum.



(Fréttablaðið 2006:70)

Tveimur dögum eftir mótið kom þó örlítið lengri grein þar sem rætt var við formann Gerplu, ekki var sagt frá úrslitum mótsins og ekki var einu sinni talað um þær einkunnir sem tryggðu hópnum annað sætið.



(Fréttablaðið 2006:66)

Greinilegt er að fréttamaðurinn sem skrifar greinina hefur litla þekkingu á íþróttgreininni og hefur engan áhuga á að skrifa neitt frekar um árangur stúlkanna sem er samt sem áður einn besti árangur sem íslenskt íþróttalið náði á árinu. Erfitt er að horfa framhjá því að á sömu blaðsíðu og fyrri greinin birtist var mun stærri grein sem fjallaði um það að íslenskur knattspyrnumaður hefði ekki mætt á æfingu með Fram daginn áður. Þetta styður þriðju tilgátuna: *Umfjöllun um minni atburði í fjölmennustu íþróttagreininum fær meiri athygli en umfjöllun um framúrskarandi árangur í fámennari greinum.*

5.2 Magn íþróttافرéttaumfjöllunar í dagblöðum og fjöldi iðkenda íþróttagreinnanna

Tafla 3 og mynd 6 sýna stærð sérsambanda innan Íþróttasambands Íslands árið 2005 eftir fjölda iðkenda. Tafla 4 og mynd 7, 8 og 9 sýna svo stærð íþróttagreinnanna í samanburði við magn umfjöllunar þeirra í dagblöðum. Þar má sjá að magn umfjöllunar íþróttagreinnanna er ekki í neinu samhengi við fjölda iðkenda íþróttagreinnanna sjálfra og þar með er síðasta tilgátan sem sett var fram í byrjun rannsóknar studd. *Íþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðum á Íslandi er ekki í neinu samhengi við fjölda iðkenda í einstökum greinum.* Sumar íþróttagreinar fá mjög mikla umfjöllun miðað við hve fjöldi

iðkenda er mikill en þar er knattspyrnan þó mest áberandi. Hún er með 18,28% iðkenda en 53,26% umfjöllunar. Þó himinn og haf séu þarna á milli þá er þetta stærsta sársambandið og með mestu umfjöllunina. Það kemur ekki á óvart að knattspyrnumfjöllunin sé eins mikil og raun ber vitni því knattspyrna nýtur mikilla vinsælda um allan heim. Einnig ber það að nefna að þó hún sé með rúmlega 18% iðkenda innan ÍSÍ þá er umfang íþróttagreinarinnar svo miklu meira. Frístundaknattspyrna er t.d. mjög vinsæl afþreying á Íslandi og sumarið 2006 voru 1.878 manns skráðir í utandeildarlið í Reykjavík (Utandeildin 2006), sem eru ekki tengd knattspyrnusambandinu. Knattspyrna er einnig mikið stunduð af börnum á skólalóðum grunnskóla um allt land og sjónvarpsstöðvarnar sýna hvern leikinn á fætur öðrum. Erlend knattspyrnumfjöllun er einnig umfangsmikil í dagblöðunum og hefur það áhrif á samanburðinn. Flestar íþróttagreinar fá þó lægra hlutfall umfjöllunar miðað við fjölda iðkenda íþróttagreinnanna sjálfra. Þar má sem dæmi nefna hestaíþróttir og fimleika sem eru bæði eitt af fimm fjölmennustu íþróttagreininum en fá innan við 1% af umfjöllun dagblaðanna. Hestaíþróttir fá ekki einu sinni pláss á íþróttasíðunum og eru hafðar á sér blaðsíðu í dagblöðunum þegar þær koma fyrir.

Önnur tilgátan af fjórum sem settar voru fram í byrjun fjallaði um það að *fjölmennar íþróttagreinar sem fengið hafa litla umfjöllun í dagblöðum hafi fengið tiltölulega meiri umfjöllun síðastliðin ár*. Ef við skoðum hana betur í samhengi við niðurstöður rannsóknarinnar sjáum við að aðrar fjölmennar íþróttagreinar eins og hestaíþróttir, fimleikar, frjálsíþróttir og badminton hafa ekki fengið meiri umfjöllun í þessari rannsókn miðað við eldri rannsóknir. Í samanburði við rannsókn Viðars (1997) má sjá að umfjöllun um hestaíþróttir hefur minnkað um 0,2%, fimleikaumfjöllun hefur minnkað um 0,45%, frjálsíþróttuumfjöllun hefur minnkað um 12,76% og umfjöllun um badminton um 0,48%. Samt sem áður eru þessar íþróttagreinar allar meðal sex fjölmennustu íþróttagreinnanna og með um 5.000 – 6.000 iðkendur. Þar með er önnur tilgátan felld. Það er samt sem áður ekki nógu marktækt að bera þessar rannsóknir saman þar sem eldri rannsóknin er ekki gerð yfir eins langt tímabil. Það er þó hugsanlega möguleiki á því að einhverjar þessara íþróttagreina hafi fengið aukna umfjöllun með árunum en þar sem aukning á íþróttافرéttaumfjöllun almennt hefur verið síðustu ár (Arna Schram, 2000), er ekki hægt að sýna fram á hlutfallslega aukningu á umfjöllun um þessar

greinar.

Ef við skoðum misvægi milli magns umfjöllunar íþróttagreinnanna og fjölda iðkenda þeirra má sjá að vægi umfjöllunar í handknattleik er fjórfalt á við iðkendafjöldann. Það kemur á óvart að handknattleiksumfjöllunin skuli mynda mesta misvægið þar sem knattspyrnumfjöllunin er yfirburðarmikil. Eins og sjá má í töflu 3 er handknattleikur þó ekki með nema tæplega 7% iðkenda en knattspyrnan er með 18%. Vægi umfjöllunar í knattspyrnu er nær þrefalt á við iðkendafjöldann og vægi umfjöllunar um akstursíþróttum er tvöfalt á við iðkendafjöldann. Misvægið í akstursíþróttum má þó rekja beint til þess að stærsti hluti umfjöllunar um akstursíþróttir er erlend umfjöllun um formúlu 1. Akstursíþróttir á Íslandi eru ekki með stóran iðkendahóp og lítið er fjallað um það í blöðunum. Þær íþróttagreinar sem fá nánast sama magn umfjöllunar og iðkendafjöldi segir til um eru körfuknattleikur og lyftingar. Líklegt er að þó nokkur breyting sé þar á, þar sem körfuknattleiksumfjöllunin hefur minnkað um nær 5% síðan rannsókn Viðars var gerð 1997. Allar aðrar íþróttagreinar fá það litla umfjöllun að hún er hálfu sinni jafn mikil og iðkendafjöldinn segir til um eða minni. Sumar íþróttagreinar fá jafnvel enga umfjöllun

5.3 Innlend og erlend íþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðum

Þegar við berum saman magn innlendrar og erlendrar íþróttافرéttaumfjöllunar í dagblöðunum kemur í ljós að innlend íþróttافرéttaumfjöllun þekur 60,37% umfjöllunar og erlend 39,63% af heildariþróttafni dagblaðanna. Þar hefur verið nokkur breyting á síðan rannsókn Viðars var gerð (1997) en þar var innlent efni 71% og erlent eftir 29% af heildariþróttafni dagblaðanna. Á töflu 5 og mynd 10, 11 og 12 er innlend og erlend íþróttافرéttaumfjöllun borin saman með tilliti til íþróttagreina. Knattspyrnumfjöllunin er sem áður mest, bæði í innlendri og erlendri umfjöllun og á mynd 10 má sjá að erlend knattspyrnumfjöllun er nánast jafnmikil og innlend knattspyrnumfjöllun. Í nær öllum öðrum íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi er innlenda umfjöllunin meiri. Áberandi mesti munurinn er í handknattleik en þar er innlend umfjöllun töluvert mikið meiri en erlend. Þær íþróttagreinar sem fá meiri erlenda umfjöllun eru nær einungis íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar hér á landi, nema skautaiþróttir, þær fá meiri

erlenda umfjöllun en innlenda þrátt fyrir að vera stundaðar hér á landi. Þetta er í fyrsta sinn sem innlend og erlend umfjöllun er mæld með tilliti til íþróttagreina.

5.4 Kynjamunur í íþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna

Gífurlegur kynjamunur er í íþróttافرéttaumfjöllun dagblaðanna. 87,14% umfjöllunar er um karla, 9,7% um konur og 3,16% um konur og karla saman. Í samanburði við rannsókn Viðars Halldórssonar (1997) hefur umfjöllun um karla aukist á kostnað umfjöllunar um bæði kynin en umfjöllun um konur hefur nokkurn veginn staðið í stað. Í hans rannsókn voru karlar með 73%, konur með 10% og bæði kynin saman með 17%. Samanburður við rannsókn Jafnréttisstofu (2006) er svipaður en þar eru 78% umfjöllunar um karla, 13% um konur og 9% um bæði kynin. Sú rannsókn var reyndar mjög frábrugðin hinum tveimur rannsóknunum. Þáttökulöndin voru fimm, rannsökuð voru bæði dagblöð og sjónvarp og fjöldi fréttanna var talinn en magnið ekki mælt. Í töflu 6 og myndum 14, 15 og 16 er umfjöllun kynjanna borin saman með tilliti til íþróttagreina. Í heildina litið er umfjöllun um karla yfirgnæfandi en í þó nokkrum íþróttagreinum er meira fjallað um konur en karla, þ.e. skíðaíþróttum, sundi, fimleikum og blaki. Umfjöllun um bæði kynin saman er svo mest í hestaíþróttum, badmintoni, almenningsíþróttum, íþróttum fatlaðra, glímu og skautaiþróttum. Hestaíþróttir, badminton og skautaiþróttir eru íþróttagreinar þar sem kynin keppa saman að hluta til eða öllu leyti og því koma þessar niðurstöður ekki á óvart.

5.5 Hugleiðingar um marktækni rannsókna

Eins og niðurstöður rannsóknarinnar sýna er mikill munur á íþróttافرéttaumfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðum á Íslandi. Þó knattspyrnan sé alltaf efst á baugi hefur það svo sannarlega komið í ljós að miklu máli skiptir hversu langt tímabilið er, sem notað er til mælinga svo niðurstöðurnar verði sem nákvæmastar. Eins og sjá má í rannsókn Viðars er hlutfall frjálsíþróttu furðulega hátt miðað við aðrar rannsóknir og gæti það verið vegna tímabilanna sem hann notar til mælinga. Þrátt fyrir það notar hann sömu tímabil og Félagsvísindastofnun gerði sex árum áður en þar var umfjöllun um frjálsíþróttir töluvert minni en þó meðal fjögurra efstu greina. Erfitt er að finna hlutlaus tímabil og því má fá



marktækari niðurstöður með því að taka allt árið. Auðvitað breytast vinsældir íþróttagreinanna með tímanum og það hefur áhrif á umfjöllunina en það er líka umfjöllunin sem hefur áhrif á vinsældir íþróttagreinanna. Samspil íþróttar og fjölmiðla er því mjög mikilvægt og líklega er vonlaust að hámarka gæði umfjöllunar um allar íþróttagreinar.

6. Lokaorð

Markmið rannsóknarinnar var að sýna fram á hversu mikill munur væri á íþróttافرéttaumfjöllun milli íþróttagreina í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Fyrir rannsóknina var vitað að munurinn væri mikill og að knattspyrnuumfjöllunin væri yfirgnæfandi en samt sem áður var margt sem kom á óvart. Það er sérstaklega eftirtektarvert að þær fjórar íþróttagreinar sem fá mesta umfjöllun skuli mynda rúmlega 93% af allri íþróttافرéttaumfjöllun í dagblöðum því þá er ekki mikið eftir fyrir allar hinar íþróttagreinar. Þær íþróttagreinar sem eftir eru fá heldur ekki nema um 1% umfjöllunar hver eða minna. Þetta eru ótrúlegar tölur og vonandi eitthvað sem íþróttافرéttamenn á Íslandi vilja bæta.

Misvægi milli magns umfjöllunar og fjölda iðkenda kom nokkuð á óvart. Ekki var það knattspyrnan sem var með mesta misvægið heldur var það handknattleikur. Handknattleikur fékk fjórfalda umfjöllun miðað við iðkendafjöldann en knattspyrnan þrefalda umfjöllun. Það var einnig áberandi hve margar íþróttagreinar ná ekki umfjöllun í samræmi við iðkendafjöldann. Erlendar íþróttافرétir hafa mikil áhrif á misvægið eins og t.d. í akstursíþróttum en þar er mest fjallað um formúlu 1 en lítið fjallað um akstursíþróttir hér á landi. Það væri því áhugavert að skoða misvægið milli innlendar umfjöllunar og fjölda iðkenda.

Það eru margar hugsanlegar ástæður fyrir því að þessi munur er til staðar og vandamálið er kannski ekki fólgið í því hversu mikið fjallað er um ákveðnar íþróttagreinar heldur hversu lítið er fjallað um aðrar íþróttagreinar. Vandamálið er heldur ekki aðeins í höndum íþróttافرéttamannanna. Það eru samt sem áður forsvarsmenn íþróttagreinnanna sem geta hjálpað til við þessa vinnu. Í harðnandi fjölmiðlaheimi þarf að hafa fyrir því að koma fréttum í fjölmiðlana og það er því mikilvægt að þeir veki athygli á því sem er að gerast innan íþróttagreinarinnar. Þeir geta ýtt undir aukna umfjöllun um sína grein með því að senda út fréttatilkynningar til dagblaðanna með góðum fyrirvara um viðburði sem vert er að fjalla um og fylgja þeim svo eftir rétt áður en atburðurinn mun eiga sér stað.

Annað sem var áberandi í úrvinnslu rannsóknarinnar voru áherslur blaðanna. Ákveðnir stórvíðburðir sem íslensk lið náðu góðum árangri á fengu litla sem enga

umfjöllun á meðan ómerkilegir atburðir í vinsælustu greinunum fengu mun meiri umfjöllun á sama tíma. Íþróttافرéttamenn þurfa að vera meðvitaðri um keppnistímabil einstakra íþróttagreina því þegar gúrkuíð er í gangi í knattspyrnuheiminum þá er margt fréttæmt að gerast í öðrum íþróttagreinum.

Niðurstöður rannsókna sem þessarar vekja ótal spurningar sem jafnvel krefjast þess að kafað sé dýpra í efnið. Það er margt sem hægt er að skoða og án efa er hægt að gera öðruvísi rannsóknir á sama efni. Hvað varðar marktækni rannsóknarinnar þá hafa t.d. stórmót í ýmsum íþróttagreinum áhrif á niðurstöðurnar og til þess að gera rannsóknina sem marktækasta hefði verið betra að hafa lengra tímabil. Það myndi þó krefjast þess að rannsóknin næði yfir fjögur ár því þá væru stórmót í öllum íþróttagreinum og Ólympíuleikar með inni í myndinni. Hlutfall neikvæðra og jákvæðra fréttu mætti ef til vill líka skoða því neikvæðar fréttir á borð við lyfjamisnotkun, ofbeldi, kynþáttahatur og ósætti í íþróttahiminum setja sinn svip á íþróttافرéttaumfjöllunina. Einnig eru slúðurfréttir um íþróttamenn áberandi. Svo væri eins og áður sagði áhugavert að skoða meðalaldur iðkenda íþróttagreinnanna í samanburði við magn umfjöllunar þeirra.

Það verður gaman að sjá á næstu árum hvort munur á umfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðunum muni breytast og hvað það verður sem hefur áhrif. Þar sem þetta er stærsta rannsóknin sem gerð hefur verið hér á landi á magni umfjöllunar um íþróttagreinnar mun rannsóknin vonandi nýtast þeim sem vilja hafa áhrif á stöðu íþróttافرétta í dagblöðum á Íslandi.

7. Heimildaskrá

- Arna Schram. (2000, 1. desember). Ein af hverjum tíu fréttum um konur. *Morgunblaðið*. Sótt 23. febrúar 2007 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=575046.
- Amalía Björnsdóttir. (2003). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í Heilbrigðisvísindum (1. útgáfa)*, bls:115 - 129. Háskólinn á Akureyri.
- Ásgeir Friðgeirsson. (1990, 10. júní). Breytt hlutverk íþróttافرéttra á öld ljósvaka. *Morgunblaðið*. Sótt 23. febrúar 2007 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=51748
- Coakley, J. (2003). *Sports in Society: Issues and Controversies (8. útgáfa)*. New York: McGraw-Hill.
- Fréttablaðið*. (2006, 5. nóv.). Sport, bls. 70.
- Fréttablaðið*. (2006, 6. nóv.). Sport, bls. 66.
- Guðni Rafn Gunnarsson, Hafsteinn Már Einarsson, Jón Karl Árnason, Sóley Valdimarsdóttir og Páll Ásgeir Guðmundsson. (2006). Prentmiðlakönnun í Nóvember 2006. Sótt 13. apríl 2007 af <http://www.capacent.is/?PageID=965>.
- Guðrún Andrea Jónsdóttir. (1991). *Íþróttæfni í fjölmiðlum*, Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.
- Gunnar Valgeirsson og Eldon E. Snyder. (1986). A Cross-Cultural Comparison of Newspaper Sport Sections. *International Review for the Sociology of Sport*, 21, Bls. 131-139.
- Íþróttasamband Íslands. (2005). Gögn um iðkenda fjölda innan ÍSÍ áriði 2005, sent höfundu í tölvupósti.
- Jørgensen, Søren Schultz. (2005, október). The world's best advertising agency: The Sports Press. *Mandag morgen*, 37, bls. 1-7.
- Kjartan Ólafsson (ritstjóri). (2006). *Sports Media and Stereotypes – Women and men in Sports and Media*. Akureyri: Jafnréttisstofa.

- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindelegar rannsóknaraðferðir? Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í Heilbrigðisvísindum (1. útgáfa)*, bls:219 - 235. Háskólinn á Akureyri.
- Viðar Halldórsson. (1997). *Íþróttæfni í dagblöðum*. Nefnd um stefnumótun í íþróttum Stúlkna og kvenna.
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Kristján Kristjánsson og Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í Heilbrigðisvísindum (1. útgáfa)* bls: 51 - 66. Háskólinn á Akureyri.
- Trausti Hafliðason (28. desember 2006). Samtal í síma við Trausta Hafliðason ritstjóra Blaðsins.
- Utandeildin 2006. [án árs]. Sótt 23. apríl 2007 af <http://sms.vas.is/web/gras.is/utandeildin//index.php?p=teams>.